

Viðauki 1 við samning um rekstur, nýtingu og framtíðarsýn Herjólfsbæjar í Herjólfsdal

Viðauki þessi er gerður við samning Vestmannaeyjabæjar kt. 690269-0159 og Eyjatours 1 slf. Kt. 650319-0600, um rekstur, nýtingu og framtíðarsýn Herjólfsbæjar í Herjólfsdal, sem dags. er 1. júní 2021.

1. gr.

2. mgr. 5. gr. samningsins um samnýtingu fellur brott. Jafnframt fellur brott 2. punktur 2. mgr. 9. gr. samningsins er snýr að endurgjaldslausum afnotum af aðstöðunni um verslunarmannahelgi. Samþykkt á fundi bæjarráðs dags. 11. september 2023.

2. gr.


Ný grein, 11. gr., bætist við samninginn sbr. afgreiðslu umhverfis- og framkvæmdasviðs Vestmannaeyja dags. 15. maí 2023, um afnot af svæðinu umhverfis Herjólfsbæ og fyrirvara þar um. „11.gr. Eyjatours 1slf., hefur heimild til afnota af svæði umhverfis Herjólfsbæ, en svæðið verði þó áfram opið almenningi sbr. umsóknarbréf Eyjatours, sem samþykkt var á fundi umhverfis- og framkvæmdasviðs 15. maí 2023 og fylgir viðauka þessum.“


3. gr.

7. gr. samningsins breytist í samræmi við ákvörðun bæjarráðs dags. 11. nóvember 2022, um gildistíma og framlengingarheimild. 1. setn., 1. mgr. 7. gr. um samningstíma orðast svo: „Samningurinn gildir til 31. október 2026.“ Jafnframt samþykkti bæjarráð heimild til framlengingar um tvö ár. 2. mgr. 7. gr. orðast því svo: „Að loknum samningstíma skal verkefnið metið. Ef báðir aðilar eru sáttir með stöðu mála er heimild til framlengingar samningsins um tvö ár til 31. október 2028.“

Fylgiskjal: Umsókn Eyjatours um afnot af svæði umhverfis Herjólfsbæjar.

Dagsetning 19. september 2023


F.h. Vestmannaeyjabæjar
Angantýr Einarsson, framkvæmdastjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs



F.h. Eyjatours 1 slf.

Íris Sif Hermannsdóttir og Einar Birgar Baldursson



Afgreiðsla umhverfis- og framkvæmdasviðs dags. 15. maí 2023

6. 202305079 - Ósk um afnot af svæði í kringum Herjólfsbæ

Einar Birgir Baldursson og Íris Sif Hermannsdóttir fyrir hönd Eyjatours 1 slf. sækja um afnot af svæði umhverfis Herjólfsbæ, svæðið verði þó áfram opið almenningi sbr. meðfylgjandi umsóknarbréfi.

Niðurstaða

Ráðið samþykkir erindið.

Afgreiðsla bæjarráðs dags. 11. september 2023

7. 201707008 - Málefni Herjólfsbæjar í Herjólfsdal

Tekin var fyrir ósk Eyjatours 1 slf., um að ákvæði um afnot ÍBV af bænum yfir Þjóðhátíð verður fellt brott. ÍBV gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við breytinguna.

Niðurstaða

Bæjarráð samþykkir viðauka þessa efnis við samninginn.

Herjólfsbær

Eyjatours 1 slf kt:6503190600 óskar eftir að fá að afmarka smá svæði í kringum Herjólfsbæ, svo hægt sé að skapa öðruvísi upplifun í kringum bæin og gera sögu Herjólfssonar meiri lifandi og skapandi. Það sem við óskum eftir er að fá að afmarka smá svæði að aftan (þar sem hvítu punktarnir eru á skýringarmynd) með Torf-grasköntum og ofaná munu koma víkingastiklur sem verða ekki hærri en 70 cm í heild.

Allt þetta mun falla inni umhverfið og mun því ekki skemma neina sjón ímynd.

Með því að fá að afmarka smá svæði, þá erum við fyrst og fremst að koma í veg fyrir að ferðamenn tjaldi allveg uppvið bæin og skemmi þannig ásýnd og upplifun annara ferðamanna sem eru að koma og skoða bæin og sýninguna og koma í veg fyrir skemmdarverk og illa umhirt svæði.

Það sem við óskum eftir að fá að gera ber ekkert rask eða njask og hægt er að fjarlægja allt þetta án þess að raska við náttúrunni og umhverfinu Einnig mun útisvæðið verða opið öllum og getur hver sem er labbað í kringum bæin án gjalds og skoðað það sem er fyrir utan.

Við stöndum enn við okkar framtíðarplan sem er að gera Herjólfsbæ að einu flottasta víkingasafni í Evrópu, en til þess þarf kjark og hugrekki, það er okkar von og ósk að Bæjarstjórn og Bæjaráð Vestmannaeyja sjái framtíðarsýn okkar og vilji vinna þetta verkefni með okkur.


Við erum nýkomin heim að utan þar sem við vorum að sækja næstu 2 víkinga sem eru heimsfrægir og verða komnir upp í sumar og að sama skapi lögðum við inn pöntun fyrir næstu tveim víkingum sem verða tilbúnir í Október. Í sumar verðum við komin með 10 vaxmyndir í bæin og þeim fer bara fjölgandi.

Næstu skref er að setja í gang samstarfsverkefni við Grunnskóla Vestmannaeyja og fá einhvern árgang í skólanu til þess að hanna næstu 2 víkinga sem verða í Herjólfsbæ. Þetta verkefni mun fara í gang í vetur.

Með von um jákvæða undirtekt.

F.h. Herjólfsbæ

Einar Birgir og Íris Sif



201707008
SO 110

Samningur um rekstur, nýtingu og framtíðarsýn Herjólfsbæjar í Herjólfsdal

1. Aðilar að samningi

Vestmannaeyjabær kt. 690269-0159 og Eyjatours 1 slf. kt. 650319-0600 gera með sér samning um rekstur, nýtingu og framtíðarsýn Herjólfsbæjar í Herjólfsdal. Á rekstrartíma er rekstraraðila óheimilt að breyta starfsemi sinni í hinu umsamda rými frá því sem samningur þessi kveður á um, nema með samþykki gagnaðila.

2. Lýsing á aðstöðu

Með samningi þessum fær Eyjatours 1 slf. í hendur umsjón með rekstri, nýtingu og viðhaldi á Herjólfsbæ. Bærinn er tilgátuhús sem byggir á heimildum um hvernig hinn upphaflegi landnámsbær Vestmannaeyja kann að hafa litið út. Húsið er byggt sem langhús og gripahús.

3. Framkvæmd

Markmið Eyjatours 1 slf. er að búa út aðstöðu á staðnum sem bjóði upp á fræðslu og kynningu á sögu og menningu þess tíma sem landnámsbæir voru til staðar, ásamt því að viðhalda sögu Herjólfis og fjölskyldu hans við upphaf fastrar búsetu í Vestmannaeyjum.

Þá skal unnið að því að markaðssetja Herjólfsbæ fyrir íslenskum og erlendum ferðamönnum.

Eyjatours 1 slf. skal sjá um þann kostnað sem hlýst af því að skapa þá aðstöðu sem lýst er í samningi þessum. Þurfi að ráðast í viðbótarframkvæmdir á aðstöðunni til að aðlagja það að þörfum rekstraraðila skal sá kostnaður sem af því hlýst greiðast af rekstraraðila.

4. Viðhald aðstöðu

Innanhúss

Rekstraraðila ber að annast viðhald hinnar umsömdu rekstraraðstöðu þannig að allar skemmdir og/eða slit sem rekja má beint til starfseminnar verði ætíð lagað svo fljótt sem verða má.

Eyjatours 1 slf. skal sjálft kosta öll þrif á þeim hluta aðstöðunnar sem tengjast rekstri hans þ.m.t.:

- Eftir þörfum skal rekstraraðili annast viðgerðir á læsingum, hurðum o.fl.
- Viðhald allra kerfa sem eru í hinu umsamda húsnæði svo og annað það sem eðli málsins samkvæmt fellur undir starfsemi rekstraraðila.

Verði hin umsamda aðstaða fyrir tjóni er rekja má til rekstraraðila eða aðila á hans vegum skal hann gera viðhlítandi ráðstafanir til að draga úr eða bæta tjón eins fljótt og auðið er. Telji Vestmannaeyjabær vanhöld á viðhaldi skal hann tafarlaust óska skriflega eftir úrbótum. Verði tafir á úrlausn áskilur Vestmannaeyjabær sér rétt til að láta annast tilgreind verk á kostnað Eyjatours 1 slf.

Vanræki Eyjatours 1 slf. úrbætur eða aðrar skyldur sínar enn frekar kann það að leiða til riftunar á samningi skv. 9. gr. samningsins.

E.B.B.
ISH

KB

Utanhúss

Rekstraraðili mun annast framkvæmdir á Herjólfsbæ að utan, þ.e. viðhald burðarvirkis, lagna utanhúss, yfirborð hinnar umsömdu aðstöðu og lóð. Með því er m.a. átt við:

- Þak.
- Útveggi.
- Annað sem eðli máls fellur undir viðhald utanhúss.

Sérmerkingar utanhúss skulu vera á kostnað rekstraraðila og gerðar í samræmi við markmið hinnar umsömdu aðstöðu svo og reglur Vestmannaeyjabæjar þar sem þær eiga við.

5. Samnýting

Vestmannaeyjabær skal í samráði við rekstraraðila hafa heimild til endurgjaldslausrar notkunar á húsinu undir starfsemi á hans vegum. Þar undir falla til að mynda heimsóknir nemenda Grunnskóla Vestmannaeyja o.fl.

Vestmannaeyjabær skal hafa heimild til endurgjaldslausrar notkunar á aðstöðunni á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum um verslunarmannahelgi á ári hverju. Miða skal við notkun aðstöðunnar frá miðvikudegi fyrir verslunarmannahelgi til og með mánudagsins eftir.

6. Rekstrarkostnaður.

Engin leiga greiðist fyrir aðstöðuna svo fremi sem Eyjatours 1 slf. fylgir ákvæðum samnings þessa um rekstur, nýtingu og framtíðarsýn Herjólfsbæjar.

Eyjatours 1 slf. er heimilt að taka gjald fyrir inngöngu í Herjólfsbæ í þeim tilgangi að standa straum af rekstrarkostnaði.

Með rekstrar- og viðhaldskostnaði samkvæmt 2. mgr. eru m.a. átt við eftirfarandi atriði:

- Rekstur allra kerfa sem eru í hinu umsamda húsnæði svo sem sýningarkerfi fyrir hljóð og mynd og hvað annað af því tagi er kann að vera í húsnæðinu eða verði komið upp á samningstíma.
- Þrif.
- Húsvörslu og öryggisgæslu á starfstíma.
- Sorphirðu og kostnað við nauðsynlega aðstöðu.
- Allan annan rekstrarkostnað sem eðli málsins samkvæmt fellur undir rekstrarkostnað rekstraraðila.

Vestmannaeyjabær greiðir fasteignagjöld og önnur opinber gjöld sem lögð eru á hann vegna eignarinnar.

7. Samningstími

Samningurinn er til fjögurra ára og gildir frá undirskriftardegi til 31. maí 2025. Ef misbrestur er á samningnum og rekstrinum hætt er 6 mánaða gagnkvæmur uppsagnarfrestur samningsins miðað við næstu mánaðamót. Samningur lýkur í lok samningstímans án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar af hálfu aðila.

E.B.B.
1.5.14

AE KB

Að loknum samningstíma skal verkefnið endurmetið. Ef báðir aðilar eru sáttir með stöðu mála er heimild til framlengingar á samningi þessum.

Eyjatours 1 slf. er óheimilt að framleigja hina umsömdu aðstöðu nema með sérstöku samþykki Vestmannaeyjabæjar.

8. Gjaldprot.

Verði krafist gjaldprotaskipta á búi rekstraraðila, eða þurfi hann að leita nauðasamninga fellur samningur þessi sjálfkrafa úr gildi.

9. Riftun samnings

Eyjatours 1 slf. er heimilt að rifta samningnum í eftirtöldum tilvikum:

- Ef réttur rekstraraðila er verulega skertur vegna laga eða opinberra fyrirmæla.
- Ef Vestmannaeyjabær brýtur ítrekað eða verulega gegn rétti rekstraraðila hvað varðar umsamin afnot eða umráð yfir hinni umsömdu aðstöðu.
- Ef húsnaðið spillist á samningstíma af ástæðum sem ekki verða raktar til rekstraraðila svo að það nýtist ekki lengur til fyrirhugaðra nota.

Vestmannaeyjabæ er heimilt að rifta samningnum í eftirtöldum tilvikum:

- Ef rekstraraðili sinnir ekki skyldum sínum og markmiðum verkefnisins samkvæmt samningi þessum. Þó skal vera búið að gefa skriflega áminningu og gefa hæfilegan tíma til úrbóta áður en til riftunar kemur.
- Ef rekstraraðili misnotar heimild sína samkvæmt samningi þessum. Fellur m.a. undir þennan lið að veita ekki endurgjaldslaus afnot af aðstöðunni um verslunarmannahelgi á hverju ári, sbr. 5. gr.
- Ef aðstaðan spillist vegna slæmrar umgengni eða hirðuleysis þess sem ber ábyrgð á aðstöðunni.
- Ef rekstraraðili vanrækir að öðru leyti en hér að ofan greinir skyldur sínar samkvæmt samningi þessum eða lögum á svo stórfelldan hátt að riftun samnings telst eðlileg eða nauðsynleg.

10. Ágreiningsmál.

Ef ágreiningur rís um framkvæmd samnings þessa eða túlkun hans, skulu aðilar reyna að leita allra leiða til að leysa ágreininginn með friðsamlegum hætti. Takist ekki að leysa ágreiningsmál skal það rekið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

Samningur þessi er gerður í tveim samhljóða eintökum og skal hvor aðili fyrir sig halda einu eintaki.

Vestmannaeyjum, 1. júní 2021

F.h. Vestmannaeyjabæjar

F.h. Eyjatours 1 slf.

